Land og skógur

23.10.2026
Gunnarsholti, 851 Hellu

Vegna endurskoðunar landbótaáætlana

Ágæti viðtakandi

Land og skógur vinnur nú að yfirferð og endurnýjun landbótaáætlana í tengslum við innleiðingu reglugerðar nr. 670/2024 um sjálfbæra landnýtingu. Í forgangi eru þær landbótaáætlanir sem unnar voru á grundvelli reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu nr. 511/2018. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum um ástand Gnúpverjaafréttar er það mat okkar að þörf sé á að gera nýja landbótaáætlun fyrir svæðið. Með þessu bréfi viljum við kynna niðurstöður ástandsmatsins, óska eftir yfirferð á þeim upplýsingum sem það byggist á og hefja samráð um gerð nýrrar áætlunar.

Forsendur og niðurstöður ástandsmats

Markmið reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu, sem tók gildi 1. september 2024, er að tryggja sjálfbæra landnýtingu sem tekur mið af ástandi lands. Samkvæmt reglugerðinni skal gera landbótaáætlun þegar landnýting uppfyllir ekki tilgreind viðmið um sjálfbærni. Ákvæði um ástand beitarsvæða og gerð landbótaáætlana er einnig að finna í reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, með síðari breytingum og er því tekið mið af hvoru tveggja.

Mat á ástandi beitarsvæða er byggt á bestu fáanlegu gögnum, meðal annars fjarkönnunargögnum, gervitunglamyndum og niðurstöðum GróLindarverkefnisins um vöktun gróður- og jarðvegsauðlinda. Miðað er við að landbótaáætlunar sé þörf þegar umfang jarðvegsrofs fer yfir tilgreind viðmiðunarmörk skv. reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Niðurstöður ástandsmats fyrir skilgreind beitarsvæði innan Gnúpverjaarféttar má sjá í töflu 1, en flatarmál beitarsvæða eru fengin með því að draga frá þau svæði sem teljast friðuð fyrir beit á einn eða annan hátt (sjá meðfylgjandi loftmynd).

Tafla 1. Niðurstöður ástandsflokkunar fyrir skilgreind beitarsvæði á Gnúpverjaafrétti

			Skilgreint beitarsvæði	
Rofeinkun	Lýsing	Ástand	stærð (ha)	%
0	Ekkert rof	Gott ástand	3302	11,9
1	Lítið rof	Gott ástand	4775	17,2
2	Miðlungs rof	Sæmilegt ástand	6082	21,9
3	Töluvert rof	Slæmt ástand	3028	10,9
4	Mikið rof	Mjög slæmt ástand	5091	18,4
5	Mjög mikið rof	Hrunið vistkerfi	5463	19,7
		Heildarflatarmál:	27741	

Rofsvæði ≥ 3	13583	49
Rofsvæði ≥ 4	10554	38,1

Land og skógur

Yfirferð gagna og samráð

Á undanförnum árum hefur verið unnið að landbótum á svæðinu samkvæmt núgildandi landbótaáætlun og starfsfólk Lands og skógar hefur fylgst með aðgerðum og metið árangur þeirra. Mikilvægt er að nýta þá reynslu sem hefur fengist af landbótastarfinu, ásamt staðbundinni þekkingu á beitarnýtingu og afmörkun beitarsvæða.

Með bréfinu fylgja tvær loftmyndir sem sýna:

1. Afmörkun þess svæðis sem landbótaáætlun nær yfir, skilgreind beitarsvæði, friðuð svæði (afgirt eða undir sýndarfriðun) og uppgræðslusvæði.
2. Afmörkun svæðisins ásamt ástandsflokkun.

Vinsamlega farið yfir meðfylgjandi kort og látið vita ef einhverjar upplýsingar þarfnast leiðréttingar eða nánari skoðunar. Sérstaklega er mikilvægt að fá upplýsingar um breytingar á afmörkun beitarsvæða frá fyrri áætlun, þar sem þær geta haft áhrif á niðurstöðu ástandsmatsins.

Gerð landbótaáætlunar og næstu skref

Núgildandi landbótaáætlanir, sem unnar voru á grundvelli reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, halda gildi út desember 2026. **Frestur til að skila nýrri landbótaáætlun er 23. janúar 2027.**

Í landbótaáætlun skal meðal annars gera grein fyrir afmörkun og nýtingu landsins, markmiðum, fyrirhuguðum landbótaaðgerðum og beitarstjórnun. Gerð áætlunarinnar er á ábyrgð eiganda og/eða rétthafa lands og skal hún unnin í samráði við þá sem nýta landið, aðra eigendur þess og umráðahafa. **Öll þau sem nýta viðkomandi beitarsvæði þurfa að staðfesta áætlunina með rafrænni undirritun, hvort sem þau taka þátt í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu eða ekki.**

Starfsfólk Lands og skógar veitir nánari leiðbeiningar og ráðgjöf við gerð landbótaáætlunarinnar og er tilbúið til samráðs um næstu skref eftir því sem þörf er á. Rafrænt form fyrir gerð áætlunarinnar verður aðgengilegt innan skamms hér: https://island.is/snidmat-fyrir-landbotaaaetlun

Virðingarfyllst
f.h. Lands og skógar


Jónína Sigríður Þorláksdóttir

Sviðsstjóri Þjónustu, ráðgjafar og umbreytingar

Land og skógur

Afréttarmörk - Yfirlit

Gnúpverjaafréttur




Beitarsvæði
Sýndarfriðun
Friðuð svæði fyrir beit
Landgræðslugirðingar

Flokkun afrétta. Byggt á gögnum úr verkefninu GróLind, 2026. Afmörkun svæða er birt með fyrirvara. Afmörkun og flokkun svæða eru til bráðabirgða og geta tekið breytingum.

Land og skógur

Afréttarmörk - Rofkort

Gnúpverjaafréttur



Ekkert rof
Lítið rof
Miðlungs rof
Töluvert rof
Mikið rof
Mjög mikið rof

Rofkort. Byggt á gögnum úr verkefninu GróLind, 2026. Afmörkun svæða er birt með fyrirvara. Afmörkun svæða eru til bráðabirgða og geta tekið breytingum.